

fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 880.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 880.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur á raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma. Hækkun samkvæmt ofanskráðu er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur, viðlagasjóðsgjald og gjald til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu ásamt 13% verðjöfnunargjaldi, er innifalin í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 423 17. september 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Magdalenu Guðjónsdóttur, hjúkrunarkonu og hjónanna Kristínar Guðjónsdóttur og Sigfúsar Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. ágúst 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóður Magdalenu Guðjónsdóttur, hjúkrunarkonu og hjónanna Kristínar Guðjónsdóttur og Sigfúsar Jónssonar.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, er dánargjöf Sigfúsar Jónssonar, framkvæmdastjóra, skv. arfleiðsluskrá dags. 25. september 1971, en Sigfús Jónsson andaðist 26. júlí 1975. Höfuðstóllinn nemur alls kr. 6 968 730.00 miðað við 10. ágúst 1976.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er skv. erfðaskrá, að líkna og styrkja börn og unglíngla undir 15 ára aldri, þeim, sem þurfa á hjálp að halda vegna sjúkdóma, sérstaklega þeim, sem eru í tengslum við Barnaspítala Hringins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skv. ákvæðum erfðaskrár, skipuð þrem mönnum þannig: Formanni Kvenfélagsins Hringins, yfirlækni Barnaspítala Hringins og einum af núverandi eigendum Málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar, eða einum af þeim, er síðar eignast Málflutningsskrifstofuna. Skal sá aðili vera formaður sjóðstjórnarinnar. Stjórnin heldur fundargerðarbók og skulu fundargerðir undirritaðar í lok fundar. Fundur skal boðaður af formanni, sem ákveður fundarstað og fundartíma, en fundir eru því aðeins lögmatir, að tveir af stjórnarmönnum séu mættir.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. Stjórnin skal leitast við að ávaxta eignir sjóðsins á þann hátt, að rýrnun höfuðstóls verði sem minnst, t. d. með því að ávaxta hann með vísitölutryggðum skuldabréfum eða fasteignum.

5. gr.

Stjórnin ákveður hverjir hljóta styrk úr sjóðnum. Heimilt er að hafa samvinnu við stjórn Kvenfélagsins Hringins og þeirra er fara með málefni Barnaspítala Hringins, um úthlutun hverju sinni. Afl atkvæða ræður bæði hvað varðar ráðstöfun eigna og styrkveitingar úr sjóðnum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Kvenfélagsins Hringins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

25. ágúst 1976.

Nr. 341.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—18.

Laugardaga kl. 11—12.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.